

Áherslur og umbætur á skólastarfi næstu þrjú árin

| Verkefni | Markmið skóla 2019-2020 | Markmið skóla 2020 - 2021 | Markmið skóla 2021 - 2022 |
|--|--|--|--|
| Árangur á samræmdum prófum | Að skólinn viðhaldi þeim árangri sem náðst hefur undanfarin ár og sé yfir 30 í normaldreifðum einkunum | Að skólinn viðhaldi þeim árangri sem náðst hefur undanfarin ár og sé yfir 30 í normaldreifðum einkunum | Að skólinn viðhaldi þeim árangri sem náðst hefur undanfarin ár og sé yfir 30 í normaldreifðum einkunum |
| Samstarf við aðra skóla | Viðhalda samvinnu við aðra skóla. | Viðhalda samvinnu við aðra skóla. | Viðhalda samvinnu við aðra skóla. |
| Eftirfylgni með nám og kennslu af hendi stjórnenda | Gátlisti Menntamálastofnunar verður hafður til hliðsjónar. Stjórnendur veita kennurum uppbyggilega endurgjöf á störfum sínum. | Stjórnendur veita kennurum uppbyggilega endurgjöf á störfum sínum. | Stjórnendur veita kennurum uppbyggilega endurgjöf á störfum sínum. |
| Skólapúlsinn | Kynntur ítarlega fyrir skólaráði. Ákvörðun um markmið og áherslur tekin og sett í framkvæmd. | Skólapúlsinn lagður fyrir foreldra. Niðurstöður kynntar skólaráði. | Skólapúlsinn lagður fyrir foreldra. Niðurstöður kynntar skólaráði. |
| Lestraráherslur | Viðhalda þeim árangri sem náðst hefur. Niðurstöður kynntar skólaráði. Markmið : 90% nemenda náí lágmarks viðmiðum MMS að vori. Halda kynjajafnvægi í niðurstöðum. | Viðhalda þeim árangri sem náðst hefur. Niðurstöður kynntar skólaráði. Markmið : 90% nemenda náí lágmarks viðmiðum MMS að vori. Halda kynjajafnvægi í niðurstöðum. | Viðhalda þeim árangri sem náðst hefur. Niðurstöður kynntar skólaráði. Markmið : 95% nemenda náí lágmarks viðmiðum MMS að vori. Halda kynjajafnvægi í niðurstöðum. |

| | | | |
|---------------------------|--|---|---|
| Líðan nemenda | Líðan nemenda metin út frá rafrænni mælingu Skólþúlsins (foreldrakönnun). Niðurstöður kynntar skólaráði. | Líðan nemenda metin út frá rafrænni mælingu Skólþúlsins (foreldrakönnun). Niðurstöður kynntar skólaráði. | Líðan nemenda metin út frá rafrænni mælingu Skólþúlsins (foreldrakönnun). Niðurstöður kynntar skólaráði. |
| Mentor Þróunarverkefni | Námsmat í stærðfræði, íslensku og verkgreinum fari fram í Mentor ásamt kynjanámskrá/lykilhæfni. Foreldraviðtöl verði boðuð í gegnum Mentor. Vinna við námsmat í samfélags- og náttúrugreinum hefst. Í upphafi skólaárs verður Mentor kynnt á nákskynningu skólans. | Allt námsmat fari fram í Mentor og sé í takt við áherslur í Aðalnámskrá. Foreldraviðtöl verði boðuð í gegnum Mentor. Í upphafi skólaárs verður Mentor kynnt á nákskynningu skólans. | Allt námsmat fari fram í Mentor og sé í takt við áherslur í Aðalnámskrá. Foreldraviðtöl verði boðuð í gegnum Mentor. Í upphafi skólaárs verður Mentor kynnt á nákskynningu skólans. |

Lestur og lestrarmarkmið

Markmið

- Áframhaldandi jafnvægi á milli hópa, þ.e. að ekki halli á annað kynið
- Að meðaltal hópa sé hærra en 90% viðmið MMS fyrir viðkomandi árgang
- Að 90% barna í fyrsta bekk hafi öðlast þá lestrarfærni að hægt sé að hraðlestrarprófa þau í janúar

Aðferðir og mælingar

Lestur er undirstaða alls náms og er því lögð rík áhersla á lestur í Barnaskólanum. Lestur fer fram í ýmsum aðstæðum og fá börn tækifæri til þess að sinna yndislestri daglega.

Nemendur lesa heima fimm sinnum í viku í 15 mínútur í senn. Einnig er keppt við að nemendur lesi upphátt minnst þrisvar til fjórum sinnum í viku fyrir umsjónarkennara. Þau lesa fyrir hvert annað, lesa fyrir yngri nemendur eða hlusti á yngri nemendur lesa.

Átta og níu ára börn sinna hraðlestri daglega, en þar lesa þau upphátt í 3x eina mínútu. Sex og sjö ára börn kynnast svo þessari aðferð í janúar og taka þátt fram á vorið.

Notast er við hraðlestrarprófið Lesfimi frá MMS. Tekin eru mið af sömu viðmiðum og MMS og prófað á skilgreindum tímum í september, janúar og maí ár hvert. Ef nemandi nær ekki 90% viðmið í september/janúar er hann skimaður aftur í nóvember/mars. Er það gert til að kennari sé meðvitaður um stöðu nemenda hverju sinni. Ef ástæða þykir, er nemandi boðinn aukalestur í skólanum til að aðstoða við að ná settum markmiðum.

Síðast liðin ár hafa niðurstöður hraðlestrarprófa sýnt að lítill sem enginn munur sé á kynjunum hvað varðar niðurstöður. Oftast eru stúlkur hærri í tveimur árgöngum og drengir hærri í tveimur árgöngunum. Árgangar eru mismunandi og kemur fyrir að stúlkur, eða drengir, séu hærri í þremur árgöngum en er það óalgengara. Mun algengara er að það séu jöfn skipti.